

Hverju bætir skimun við þjónustu skólaskrifstofa?

Samantekt á skimunarferli Þjónustumiðstöðvar Breiðholts árin 2007-2010

Nemi:
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
sálfræðingur
kt: 280580-4659

Umsjónarmaður:
Hákon Sigursteinsson
sálfræðingur/ deildarastjóri

Samantekt á skimunarferli Þjónustumiðstöðvar Breiðholts (ÞB) árin 2007-2010 var gerð. Skimun hófst meðal sálfræðinga veturinn 2007-2008. Til þess að meta árangur skimunar var fengin styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2010. Farið var í málaskrá 445 barna og skimunarferli þeirra skráð niður til úrvinnslu. Ljóst er að veturinn 2007-2008 voru byrjunarskref skimunarferlisins og mikill munur á vinnslu skimunarmála fyrir þrem árum og núliðin vetur. Mun meira ber á eftirfylgd með skimunarmálum í dagál og fleiri málum hefur nú þegar verið lokað í kjölfar skimunar án þess að mælt sé með frekari greiningu. Uppástungur að betruumbætingu eru meðal annars að allir sálfræðingar setji inn fast eftirfylgdar viðtal nokkrum vikum eftir skimun, að úthendum sem dreift er á skimunarfundum séu alltaf nafngreind í skýrslu eða dagál og að allir sálfræðingar ÞB taki sér til fyrirmyndar dæmi um vel unnar skimunarskýrslur úr málaskrá.

„Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra” (40. gr., ný grunnskólalög nr. 91/2008).

Í Breiðholti búa 21.000 íbúar og þar af eru 3600 börn á grunnskólaaldri. ÞB sinnir sérfræðiþjónustu við 15 leikskóla og 5 grunnskóla í hverfinu. Veturinn 2007-2008 hófu sálfræðingar ÞB skimunarferli í öllum grunnskólamálum. Ástæður þess voru meðal annars að koma fyrir inn í mál barna, til þess að veita ráðgjöf, meta alvarleika og koma úrræðum í gang. Einnig var von um að hægt væri að fækka greiningum meðal þeirra barna með vægari vanda þar sem ráðgjöf og önnur úrræði í kjölfar skimunar nægðu til að leysa vandann. En biðtími eftir greiningu af forgangi 3 sem er vægasti flokkurinn hefur vaxið undanfarin ár frá því að vera að meðaltali um fimm mánuðir veturinn 2005-2006, sjö mánuðir næstu tvö ár þar á eftir, þá níu mánuðir og loks fjórtán mánuðir síðastliðin vetur.

Skimun (*screening*) er ferli sem mikið hefur verið notað í heilbrigðisþjónustu til þess að greina fyrir áhættuhópa fyrir alvarlegri heilsufarsvandamál seinna meir. Í skólaþjónustu stærri landa á borð við Bandaríkin hefur skimun verið notuð til þess að greina börn sem eru líklegri til þess að eiga í erfiðleikum í námi seinna meir (Elliott, Huai og Roach, 2006). Þegar talað er um skimun er annars vegar átt við kerfisbundið mat á tilteknum hóp til þess að aðgreina frá þá sem teljast í sérstökum áhættuhóp. Í kjölfar slíkrar skimunar er nauðsynlegt að frekari greining eða mat fari fram til þess að staðfesta hvort viðkomandi þarfnist frekari aðstoðar. Dæmi um slík ferli í skólaþjónustu við börn og unglinga er til dæmis kerfisbundin fyrirlögn á *Íslenska Þroskalistanum* á lokaári leikskóla til þess að finna börn sem eru hugsanlega í þörf fyrir frekari stuðning við

þroska. Síðastliðin tvö ár hafa öll börn í níundabekk í Breiðholti svarað tilfinningamatslistum og þeim börnum sem koma illa út hefur meðal annars verið boðið námskeið fyrir unglinga með tilfinningavanda á Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB). En skimun getur líka verið notuð til þess að varða aðgengi að frekari greiningu / þjónustu á einstaklingsgrundvelli. Slíkt ferli er þá notað til þess að meta forsendur fyrir tímafrekari og ítarlegri greiningu á vanda barns. Skimun ÞB er dæmi um slíkt ferli, þar sem forsendur og þörf fyrir ítarlegri greiningu er metin áður en vísað er áfram.

Snemmtæk íhlutun (*early intervention*) hefur að marki að koma aðstoð fyrir til barna sem þess þurfa. Jákvæður árangur snemmtæktrar íhlutunar hefur margsinnis verið staðfestur meðal barna með einhverfu greiningar, hegðunarraskanir, námsvanda og tilfinningavanda (sjá meðal annars Chorpita, Southam-Gerow, 2006; McMahon, Wells og Kotler, 2006; Newsom og Hovanitz, 2006; Stark, o.fl., 2006 og Walker, Severson, Feil, Stiller og Golly, 1998). Auk þess sem líta má á snemmtæka íhlutun sem hluta af forvarnastarfi í þágu barna og unglinga. Samhliða því að nota skimun til þess að varða aðgengi of margra barna að tímafreku greiningarferli þjónar skimunarferlið hlutverki snemmtæktrar íhlutunar með því að veita aðgang að úrræðum og ráðgjöf strax í skimunarferlinu. Á þann hátt koma sálfræðingar mun fyrir inn í mál barna auk þess sem vonir standa til að aukin hagræðing verði ef hægt er að fækka í þeim hópi barna sem enda á því að fara í dýrara og tímafrekara greiningarferli.

Í stað þess að bíða allt að heilan skólavetur eftir greiningu koma sálfræðingar ÞB nú að málum innan mánaðar. Skimunarferli ÞB fer þannig fram að fyrst er tilvísun á þjónustu sálfræðings tekin fyrir í móttökuteymi. Að því loknu fer hún fyrir skólateymisfund sem fer yfir málsgögn og ákveður forgangsröðun máls. Forgangsröðun er eftirfarandi: forgangur 1 er fyrir mál sem þola ekki bið, svo sem sjálfsvígshættu eða áföll. Forgangur tvö er fyrir börn þar sem grunur er um alvarlega þroskaröskun/fötlun, forgangur þrjú er fyrir börn með alvarlega hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika og loks er forgangur fjögur fyrir mál sem þola bið. Flest mál fara á forgang tvö eða þrjú. Eftir að móttökuteymi hefur farið yfir umsókn er henni úthlutað til sálfræðings á næsta skólateymisfundi (þegar um skimun grunnskólabarns er að ræða). Tíminn sem líður þar á milli getur verið allt að 8-10 virkir dagar. Almennt er miðað við að sálfræðingur nái að vinna í skimunarmáli og skila af sér greinagerð innan mánaðar frá því að hann tekur að sér málið.

Skimunarmálum er úthlutað til sálfræðinga viðkomandi skóla. Með því er þeim gert kleift að fylgja málinu betur eftir að loknum skilafundi. Skólasálfræðingar sitja nemenda-

verndarráðsfundi í sínum skólum og geta þar með fylgst með nemendum áfram í kjölfar niðurstöðufundar.

Tilvísun fylgja útfylltir matslistar frá kennara og foreldrum, annars vegar Ofvirknikvarðinn (*ADHD Rating Scale*) og hins vegar Spurningar um styrk og vanda (*Strength and Difficulties Questionnaire*). Þegar matslistar hafa borist tekur sálfræðingur saman upplýsingar frá skóla og stofnunum, gerir drög að álitsgerð og fundar með málsaðilum. Venjulega koma þar frekari upplýsingar fram sem bætt er við álitsgerð að loknum fundi. Í kjölfarið er ráðgjöf veitt til foreldra og kennara og vísað í úrræði sem talið er að geti nýst barninu. Að lokum er álitsgerð send til skóla og foreldra.

Nú er búið að skima í upphafi grunnskólamála í þrjú skólaár en ekki hefur verið metið hve oft skimunarferlið reynist nægjanlegt inngríp í máli barns þannig að greining teljist óþörf. Einnig er ástæða til að endurmeta ferlið í kjölfar fenginnar reynslu sálfræðinga ÞB á þessum þremur árum. Að lokum er áhugavert að skoða hve ítarleg ráðgjöf sálfræðinga í kjölfar skimunar er þar sem hún berst mikið fyrr en ráðgjöf í kjölfar greiningar. Spurningar sem leitast verður við að svara eru eftirfarandi:

1. Hve mörgum skimunarmálum er lokið með ráðgjöf án þess að til frekari íhlutnar ÞB komi?
2. Hve ítarleg er ráðgjöf í kjölfar skimunar (miðað við upplýsingar í skimunarskýrslu og dagáli).
3. Hvað líður langur tími frá því skimunarmál er tekið og þar því lýkur?
4. Hvað hafa sálfræðingar ÞB að segja um skimunarferlið, hvaða breytingar hafa þeir gert á skimunarferlinu og hvað finnst þeim að betur mætti fara?

Aðferð

Þátttakendur

Farið var í Málaskrá Reykjavíkurborgar og leitað upplýsinga um öll skimunarmál síðastliðinna þriggja vetra. Veturinn 2007-2008 var fjöldi mála $n = 112$, veturinn 2008-2009 var fjöldi mála $n = 150$ og veturinn 2009-2010 var fjöldi mála $n = 183$. Heildarfjöldi skimunarmála var því $n = 445$.

Úrvinnsla gagna

Þá þrjá vetur sem skimun hefur farið fram hjá ÞB hafa alls 445 mál verið skráð sem skimunarmál í málaskrár. Við nánari athugun var brottfall töluvert vegna ýmissa ástæðna. Veturinn 2007-2008 þegar skimunarferlið hófst voru 112 skimanir skráðar til vinnslu. Af þeim voru 26 mál sem ekki voru skimuð. Ástæður voru margvíslegar, til að mynda að barn hafði flutt, ákveðið var að fara beint í greiningu, málið var rangskráð og sett strax á sérkennsluráðgjafa, mál fór í endurmat frekar en skimun, eða að foreldrar voru búnir að leita annað eftir meðferð eða greiningu (Greiningar og ráðgjafarstöð Ríkisins, Barna og unglingsgeðdeild Landspítalans eða sálfræðings í efra Breiðholti svo eitthvað sé nefnt). Einnig kom fyrir að barn hafði flutt eftir skimun og málaskrá var því ekki aðgengileg. Vegna þess hve fá slík mál voru (< 10 fyrir báða vetur) og einungis fyrri tvo vetur sem skimun hefur staðið yfir var ákveðið að fara ekki í það ferli að fá þau send frá öðrum þjónustumiðstöðvum. Endanlegt úrtak skimunarmála 2007-2008 var því 83.

Veturinn 2008-2009 voru 151 skimun skráð til vinnslu. Af þeim voru 19 mál sem ekki voru skimuð. Ástæður voru margvíslegar til að mynda að barn hafði flutt, að ákveðið var að fara beint í greiningu, mál fór í endurmat frekar en skimun, eða að foreldrar voru búnir að leita annað eftir meðferð eða greiningu (GRR, BUGL eða sálfræðings í efra Breiðholti svo eitthvað sé nefnt). Af 133 máli sem var aðgengilegt til úrvinnslu voru 19 mál tvískráð í málaskrá vegna þess að skimunarbeiðni barst seint að vori 2008 og skilafundur var haldin að hausti 2008. Málaskrá fyrir tiltekið skólaár er lokað í ágúst á hverju ári og þessi mál falla því á milli og eru skráð í vinnslu þegar málaskrá fyrir árs er lokað en lýkur í málaskrá næsta skólavetur. Til þess að tvítelja ekki vinnslu stakra mála voru málin skráð veturinn sem beiðni barst, þannig að 19 skimanir veturinn

2008-2009 eru skráðar veturinn 2007-2008. Eitt mál var tvískráð í málaskrá. Endanlegt úrtak skimunarmála veturinn 2008-2009 var því 112.

Veturinn 2009-2010 voru 182 skimanir skráðar til vinnslu. Af þeim voru 20 mál sem ekki fundust upplýsingar um hvað var gert vegna þess að ekkert var skráð í dagál, máli var lokað áður en það hófst, dagáll var ekki aðgengilegur og í einu tilfelli var sama barnið tvískráð í málaskrá. Af 161 máli sem var aðgengilegt til úrvinnslu voru 26 mál tvískráð í málaskrá vegna þess að skimunarbeiðni barst seint að vori 2009 og skilafundur var haldin að hausti 2009. Til þess að tvítelja ekki vinnslu stakra mála voru málin skráð veturinn sem beiðni barst, þannig að 26 skimanir veturinn 2009-2010 eru skráðar veturinn 2008-2009. Að lokum voru önnur 25 mál ekki skráð á sálfræðing þegar úrvinnsla fór fram í september og október 2010. Þessi mál bárust flest í lok sumars og er sennilegt að sálfræðingar séu að vinna í málunum, einnig var um að ræða börn sem hófu grunnskólagöng í haust og náðist ekki að greina á lokaári í leikskóla. Endanlegt úrtak skimunarmála veturinn 2009-2010 var því 113.

Framkvæmd

Farið var í skólaskjal fyrir veturna 2007-2008, 2008-2009 og 2009-2010 og öll skimunarmál aðskilin frá öðrum málum. Þá var farið í málaskrá Reykjavíkurborgar fyrir hvert einasta barn ($n = 445$) og dagálar, skýrslur og aðrar færslur skoðaðar. Ákveðið var að skrá niður eftirfarandi: Fjöldi mánaða sem leið frá því skimun hófst og þar til merki voru um það í málaskrá eða skólaskjali að skimun væri lokið, niðurstöður / ráð og úrræði sem sett voru í gang í kjölfar skimunar, hvort máli var lokað eða hvort mælt var með frekari greiningu, ef mælt var með frekari greiningu var fjöldi mánaða sem leið frá lokum skimunar og að upphafi og lokum greiningar skráður og fyrir árið 2009-2010 voru merki um eftirfylgd talin og skráð í hverju máli. Einnig voru valin eftir hentugleika áberandi rýrar skimunarskýrslur til samanburðar við áberandi ítarlegar skimunarskýrslur til þess að nota innanhúss á ÞB þegar sálfræðingar halda vinnufund um gæði skimana í kjölfar þessa verkefnis. Að lokum var lagður fyrir alla sálfræðinga sem sinna grunnskólamálum á ÞB spurningalisti um skimunarferlið:

- Lýstu stuttlega fyrir mér hvernig þú vinnur skimunarmál hjá þér
- Hvað í skimunarferlinu hefur sjálfur sett inn til þess að aðlaga það að því hvernig þér finnst best að vinna mál?
- Eru fleiri atriði sem þú stefnir á að breyta varðandi skimunarmál hjá þér eða langar til þess að verði breytt í ferlinu?
- Eru gallar í uppsetningunni eins og hún er núna?

- Eru báðir listarnir nauðsynlegir/nægjanlegir?
 - Ef nei hvaða lista á að sleppa/bæta við?
- Er næg samfella á milli skimunar og greiningar?
- Finnst þér skimun og greining vera að of miklu leyti sama vinna?
 - Ef já hvernig getum við gert bæði ferlin skilvirkari?
- Eru einhver úrræði sem við getum bætt við þau sem við höfum nú þegar, sem færu í gang í kjölfar skimunar?
- Ertu með hugmyndir um hvernig megi bæta ferlið?

Niðurstöður

Í töflu eitt hér að neðan má sjá að veturinn 2007-2008 voru 83 skimunarmál sem hægt var að rekja. Af þeim fóru 71 áfram í greiningu og 12 var lokað í kjölfar skimunar eða greining talin óþörf þegar að henni kom (sjá töflu 1). Alls fóru 10 mál beint í greiningu án þess að nokkur merki væru um skimunarferli fyrst. Í þremur skimunum var einungis um stöðufund að ræða í málum sem nú þegar voru í vinnslu hjá ÞB.

Af þeim 112 málum sem voru skimuð veturinn 2008-2009 fóru 95 áfram í greiningu og 17 var lokað í kjölfar skimunar eða greining talin óþörf þegar að henni kom (sjá töflu 1).

Hægt var að skoða nánar skimanir 113 barna veturinn 2009-2010. Af þeim 113 málum sem voru skimuð var 80 málum vísað áfram í greiningu eða endurmat en 33 lokað í kjölfar skimunar (sjá töflu 1). Nokkuð skýrar vísbendingar eru um að sálfræðingar séu í auknum mæli farnir að loka málum í kjölfar skimunar þar sem tæpum 30% mála síðastliðin vetur var lokað með skimun. Líklega munu eitthvað af þeim málum koma aftur inn í málaskrá svo að endanleg tala liggur ekki fyrir, en að sama skapi er líklegt að greining teljist óþörf/verði afþökkuð þegar að henni kemur. Fyrir fyrri veturna tvo telst máli ekki lokað með skimun, ef sjá mátti í málaskrá að foreldri hafði aftur samband til þess að taka upp greiningu.

Tafla 1. Hve mörgum málum er lokað með skimun?

	Skimunarmál	Vísað í greiningu	Lokað án frekari greiningar*
2007-2008	83	71	12 (14,5 %)
2008-2009	112	95	17 (15,2 %)
2009-2010	113	80	33 (29,2 %)
Alls	332 (100%)	270 (81,3%)	62 (18,7)

*Mörgum skimunarmálum er fylgt eftir með eftirfylgdarfundum og nokkrum símtölum en teljast lokið án frekari greiningar ef frekari greining fór ekki fram/var afþökkuð þar sem ekki taldist þörf á.

Það ber nokkuð meira á því í skimunarskýrslum fyrir síðasta skólaár að sálfræðingar taki fram að meta eigi hvort þörf verið fyrir frekari greiningu þegar að henni kemur. Því mætti hugsanlega setja inn í verkferli skimana að sálfræðingar aðgreini mál sem vísað er til greiningar og mál sem vísað er á endurmat (þar sem þörf á frekari ráðgjöf/greiningu er metin).

Einnig ber að hafa í huga að ekki eru niðurstöður allra skimunarmála skráð síðastliðin vetur komnar inn í málaskrá. En niðurstöður gefa samt sem áður sterkar vísbendingar um að sálfræðingar ÞB séu í auknu mæli farnir að loka málum í kjölfar skimunar.

Þetta stemmir við augljós merki þess í skimunarskýrslum að gefa ítarlegri ráð í kjölfar skimunarfunda síðastliðin vetur (og að hluta veturinn þar á undan) miðað við fyrsta árið sem skimanir voru settar inn (sjá í töflu 2. og 3.).

Almennt má gera ráð fyrir að einhver ráðgjöf fari fram á öllum skilafundum skimunarmála. Hins vegar kemur fyrir að ekki er haldin skimunarfundur ef sálfræðingur, foreldrar og kennari telja ekki þörf á. Dæmi um slíkt er þegar ákveðið er að vísa barni á námskeið hjá þjónustumiðstöð Breiðholts eða þegar þörf er á frekari greiningu án þess að frekari ráðgjöf sé talin gagnast að svo stöddu (til dæmis ef barnið er nú þegar að fá töluverða þjónustu). Við nánari útlistun á gæðum ráðgjafar í skimunarmálum var ákveðið að telja ekki í ráðaflokkum þær skýrslur þar sem einu upplýsingar í skýrslu og dagál bentu til að skilafundur hafi farið fram og svo kannski nokkur almenn orð (til dæmis: *móður ráðlagt að styrkja ramma heima fyrir* eða *vinna eftir aðferðum sem gagnast við adhd einkenni*). En svo að segja öllum skimunarmálum lýkur með fundi og almennum ráðum hið minnsta og líklegt að ráð hafi oft verið ítarlegri en skýrsla og dágáll gáfu til kynna.

Í töflu tvö hér að neðan má sjá að flestum málum er lokið með 1-2 ráðum/úrræðum en að töluverður hluti mála og raunar næststærsti flokkurinn eru mál þar sem einungis kemur fram í skimunarskýrslu / dagál að skilafundur hafi farið fram og kannski nokkur orð mjög almenns eðlis. Veturinn 2008-2009 má sjá að fjöldi skimunarskýrsla með þrjú eða fleiri ráðum fer fjölgandi þrátt fyrir að enn virðist stór hlut skýrsla vera mjög rýrar. Síðastliðin vetur er komin normaldreifing í fjölda ráða þar sem langflestar skýrslur eða tæp 80% innihalda 1-4 ráð og rúm 17% tilviðbótar eru með fimm eða fleiri ráð.

Tafla 2. Fjöldi ráða sem skráð voru í skimunarskýrslu/dagál

Fjöldi mála með eftirfarandi skráð:	Skólaárið			Alls
	2007-2008	2008-2009	2009-2010	
Skilafundur og almenn ráð	23 (28%)	41 (36,7%)	5 (6,1%)	71
1-2 ráð/úrræði/þjónusta	51 (61,4%)	63 (56,3%)	44 (38,3%)	158
3-4 ráð/úrræði/þjónusta	12 (14,5%)	24 (21,4%)	44 (38,3%)	80
5-6 ráð/úrræði/ þjónusta	0 (0 %)	5 (4,5%)	14 (12,2%)	19
7-8 ráð/úrræði /þjónusta	0 (0 %)	0 (0 %)	6 (5,2%)	6
Alls	83 (100%)	112(100%)	113 (100%)	332 (100 %)

Í töflu 3 hér að neðan má sjá nánari útlistun á þeim úrræðum, ráðum og þjónustu sem komu fram í skimunarskýrslu og/eða dagál (sjá einnig viðauka 1). Ekki var lagt mat á það hvort sú þjónusta/ráð/úrræði var þegin eða ekki af foreldrum eða kennurum.

Tafla 3. Hvaða þjónusta var sett í gang í kjölfar skimunar, önnur en bið eftir frekari greiningu

Úrræði sem bent var á / ráðgjöf veitt*	Skólaár		
	2007-2008	2008-2009	2009-2010
Sértæk ráð í skýrslu/dagál til foreldra/kennara	30 (36,1%)**	30 (26,8%)	55 (48,7%)
Óskað eftir sérkennsluráðgjafi/ný	11 (13,3%)	17 (15,2%)	20 (17,7%)
Óskað eftir félagsráðgjafa/úrræða á þeirra vegum	16 (19,3%)	25 (22,3%)	28 (28,0%)
Bent á námskeið hjá ÞB	8 (9,6%)	27 (24,1%)	37 (32,7%)
Bent á samtök/gagnlega netsíðu	0 (%)	8 (7,1%)	14 (12,4%)
Úthendi með ráðum/bent á bók	0 (%)	12 (10,7%)	30 (26,5%)
Bent á að leita þjónustu utan ÞB	17 (20,5%)	32 (28,6%)	46 (40,7%)
Óskað eftir/ráð til námsráðgjafa/sérkennara/þroskaþjálfara í skóla	7 (8,4%)	16 (14,3%)	30 (26,5%)
Skammtímameðferð/ráðgjöf á vegum sálfræðings ÞB	6 (7,2%)	12 (10,7%)	17 (15,0%)
Eftirfylgdarfundur/símtal	3 (3,6%)	3 (3,6%)	23 (20,4%)
Hækkaður forgangur í greiningu	4 (4,8%)	3 (3,6%)	9 (8,0%)
Annað	1 (1,2%)	9 (8%)	8 (7,1%)
Heildarfjöld skimunarmála	83	112	113

*Upplýsingar um að bent hafi verið á tiltekið úrræði, boðin tiltekin þjónusta eða gefin ákveðin ráð gefur ekki til kynna hvort sú þjónusta var þegin/ farið eftir ráðum og svo framvegis.

**Hvert mál getur talist í marga flokka, því leggjast prósentur ekki saman í 100%.

Sjá má töluverða aukningu í því að sálfræðingar bendi á netsíður, samtök, bækur og dreifi úthendum (eða skrái það). Einnig hefur sértækum ráðum í skýrslu fjölgað mikið. Sértæk ráð voru ráð til foreldra og/eða kennara sem greinilega tóku mið af tilteknu barni, vanda þess, getu, áhuga o.s.frv (sjá viðauka 1). Almennt má segja að aukning sé í öllum flokkum ráðgjafar/úrræða á milli skólaára, sem bendir til þess að sálfræðingar séu farnir að gefa ítarlegri ráð og vísa oftast í úrræði. Að lokum var tími skimunarferlisins skoðaður nánar (sjá töflu 3).

Tafla 3. Hve mikil bið er eftir skimun

	Skólaár		
	2007-2008	2008-2009	2009-2010
Fjöldi skimana sem lokið er innan mánaðar	31 (38,8%)	65 (58%)	66 (67,3%)
Fjöldi skimana sem lokið er innan tveggja mánaða	14 (17,5%)	20 (17,9%)	25 (25,6%)
Fjöldi skimana sem lokið er innan þriggja mánaða	11 (13,8%)	7 (6,3%)	7 (7,1%)
Fjöldi skimana lokið eftir meira en þrjá mánuði	24 (30%)	20 (17,9%)	0
Samtals	80 (100%)	112 (100%)	98 (100%)

Þegar vinnsla skimana er skoðuð nánar í töflu þrjú hér að ofan má sjá á fyrsta veturinn var vinnsla skimana einungis í um helmingi tilfella lokið innan mánaðar, líkt og gert er ráð fyrir í vinnufyrirkomulagi. En veturna á eftir má sjá að flestum málum er lokið innan mánaðar frá því að vinnsla hefst og að langflestum málum var lokið innan tveggja mánaða. Þó ber að nefna að í

flestum tilfellum þar sem skimunarferlið tók lengri tíma en tvo mánuði var það vegna þess að skimun barst að vori eða sumri en máli var ekki lokað fyrir en skóli hófst þar sem vandi barna er oft bundin við skólann og erfitt að meta hann að sumri til, auk þess sem skilafundir til skóla fara ekki fram fyrir en að hausti þrátt fyrir önnur vinnsla í máli hafi hugsanlega farið fram yfir sumartímann. Fjöldi sumar skimana var 14 veturinn 2007-2008, 23 veturinn 2008-2009 og 12 veturinn 2009-2010.

Umræða

Gerð var úttekt á skimunarferli Þjónustumiðstöðvar Breiðholts síðastliðinn þrjú skólaár. Helstu niðurstöður benda til þess að sálfræðingar séu búnir að tileinka sér skimunarferli sem hluta af snemmtækri íhlutun í máli nemenda á þann hátt á ráðgjöf og þjónusta sem boðin er og bent er á hefur stóraukist á þeim þremur árum sem skimunarferlið hefur verið í gangi. Að auki hefur fjöldi mála sem lokað er í kjölfar skimunar síðasta skólaár næstum tvöfaldast frá fyrri tveimur árum skimunar.

Snemmtæk íhlutun (*early intervention*) hefur að marki að koma aðstoð fyrir til barna sem þess þurfa. Jákvæður árangur snemmtæktrar íhlutunar hefur margsinnis verið staðfestur meðal barna með einhverfu greiningar, hegðunarraskanir, námsvanda og tilfinningavanda (Chorpita, Southam-Gerow, 2006; McMahon o.fl., 2006; Newsom og Hovanitz, 2006; Stark, o.fl., 2006, 2006; Walker o.fl., 1998). Að auki má líta á snemmtæka íhlutun sem hluta af forvarnastarfi í þágu barna og unglunga. Með því að veita aðgang að úrræðum og ráðgjöf í skimunarferli er hægt að hnýta saman fljótvirkari aðkomu sálfræðinga í mál barna, snemmtæka íhlutun og aukinnar hagræðingar til þess að fækka börnum sem þarfnast dýrari greiningarferlis.

Skimunarferlið virðist hafa farið nokkuð brösótt af stað fyrsta veturinn, algengt að sálfræðingar hafi sett mál beint í greiningu frekar en skimun, að skimun hafi ekki verið unnin inna tímaramma sem settur var og að ráð sem fylgdu skimunarsamantekt hafi verið rýr eða enginn. Á öðrum vetri eru vísbendingar um mun markvissara ferli, málin voru unnin hraðar og ítarlegri ráðum tók að fjölga þrátt fyrir að sálfræðingar væru enn mjög tregir að loka málum í kjölfar skimunar. Síðastliðinn vetur virðast gæði ráða í skýrslum hafa haldið áfram að aukast og jafnframt koma fram fyrstu merki þess að málum sé lokað að einhverju marki í kjölfar skimunar. Hluti af skýringu er ítarlegri skimunarskýrsla þegar frá hefur liðið liggur í því að uppsetningu skýrslunnar var breytt á þann hátt að búin var til sér reitur til þess að aðgreina þátt foreldra, þátt skóla og þátt sérfræðinga ÞB í lausn á vanda barnsins. Þó kann að vera að skólar séu í auknu mæli farnir að vísa nemendum í skimun sem eru með vægari vandamál, auk þess sem Skapstillingarnámskeið sem haldið var síðastliðið haust var sett inn sem skimunarmál á hvern nema sem tók þátt og var nokkuð af þeim málum lokað í kjölfarið (alls sjö skimanir).

Einnig kemur fram í málaskrá fyrir síðastliðin vetur að eitt mál var sett á endurmat en ekki greiningu í kjölfar skimunar. Það ber nokkuð meira á því í skimunarskýrslum fyrir síðasta skólaár að sálfræðingar taki fram að meta eigi hvort þörf verið fyrir frekari greiningu þegar að

henni kemur. Því mætti hugsanlega setja inn í verkferli skimana að sálfræðingar aðgreini mál sem vísað er til greiningar og mál sem vísað er á endurmat (þar sem þörf á frekari ráðgjöf/greiningu er metin).

Ljóst er að mæling á gæðum ráðgjafar er að hluta mat á gæðum skimunarskýrslu eða færslu í dagál. Vel kann að vera að sálfræðingar hafi gefið mörg sértæk ráð á skimunarfundi en hvorki getið þess í dagál né skýrslu sem annað en ráðgjöf til foreldra. Mæling á ráðgjöf er ekki betri en skráningar þeirra sálfræðinga sem fylltu út dagál og skimunarsamantekt. En hluti af gæðum í ráðgjöf felst í því að foreldrar og kennarar fái ráðgjöfina skriflega, þar sem fólk gleymir iðulega munnlegum upplýsingum á komandi vikum eftir slíka fundi. Einnig þarf að hafa í huga að þar sem mörg úrræði voru þegar fyrir hendi í einstökum málum, var hugsanlega lítið fyrir sálfræðinginn að gera annað en að vísa málinu áfram til greiningar (ef þess þurfti). Dæmi um slíkt fyrirfundust í málaskrá þar sem fram kom að þegar var búið að greina barn, teymi var til staðar sem fundaði reglulega út af barninu, foreldrar voru þegar með mál sitt hjá félagsráðgjafa og í úrræðum í boði þeirra eða málið var nú þegar í eftifylgd sérkennsluráðgjafa. Slík mál voru hins vegar mun færri en hin og almennt er talið að upplýsingar í dagál og skimunarskýrslu gefi nokkuð góða mynd af stöðu barns og þeim ráðum sem sálfræðingar veittu við vinnslu máls.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að gæði og magn ráða eru ekki sambærileg, þar sem tilvísun á námskeið hjá ÞB, samhliða sértækum ráðum til foreldra eða uppeldisráðgjafar teljast sem tvö ráð en þau gætu verið meira en nægjanleg fyrir tiltekin vanda, auk þess sem fleiri ráð svo sem að benda á samtök, heimasíður, sjálfshjálparbækur væru ekki betri lausn fyrir barn en til dæmis námskeið og uppeldisráðgjöf fyrir foreldra. Hins vegar má áætla sem svo að mismunur á skimunarskýrslu þar sem engin ráð koma fram og annarrar þar sem mörg ráð og úrræði eru gefin upp hljóti að benda til þess að ítarlegri skýrsla sé betri en fá eða engin skrifleg ráð.

Áberandi munur á milli sálfræðinga á notkun dagála í málaskrá. Í sumum tilfellum hafði ekkert verið gert í máli en engar upplýsingar voru fáanlegar hvers vegna. Mjög mikilvægt er að dagáll sé skráður fyrir skilafundi skimunar og að skimunarsamantektin fylgi með sem hún gerði í flestum tilvikum. Einnig er gott ef hægt er að skrá hvort foreldri/kennara/barni var boðin tiltekin aðstoð eða þjónusta svo sem viðtal við unglingaráðgjafa eða hvort einungis var sagt á fundi að gagnlegt væri fyrir barnið að ræða við einhvern. Sumir skrá í málaskrá að bent hafi verið á tiltekið námskeið og þá hvernig skrá eigi á það (jafnvel skráð fyrir hönd viðkomandi) en aðrir

skrá færslu á borð við *bent var á að gagnlegt gæti verið fyrir A að sækja sjálfstyrkingarnámskeið og mælt er með fjölskyldumeðferð* en þá er hætta á að foreldri fylgi ekki ráðleggingum.

Í dagálum er varða skimunarskilafund kom eftirfarandi fram þegar best lét: Hverjir sátu fundinn, bæði nafngreindir og starfstítlar. Hvað var ákveðið að gera og hver ætlaði að framkvæma hvern hluta. Augljós kostur þess að skrifa niður þessar upplýsingar er að þegar fram líða stundir og ef kemur í ljós að barnið þarfnast enn stuðnings er hægt að leita aftur til þess sem ákveðið var á skimunarfundi og kalla eftir ábyrgð hvers og eins með sinn hluta inngríps, ef í ljós kemur að aðilar hafa ekki verið að vinna samkvæmt áætlun er einfalt fyrsta skref að byrja þar, eða aðlaga ef einhverjar ástæður aðrar en gleymaska, kæruleysi, o.s.frv., liggja að baki þess að ekki var farið eftir áætlun í upphafi. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að það kann að vera annar sálfræðingur sem tekur málið upp seinna, auk þess sem ítarlegri dagálar nýtast einnig sérkennsluráðgjöfum sem koma að málum barnsins.

Hver sálfræðingur ÞB hefur þróað með sér á síðustu þrem árum blæbrigði við skimunarferlið. Ljóst er að mismikið er að finna af upplýsingum úr skimun fyrir þann sem tekur svo við máli, til greiningar, sérkennslu- eða félagsráðgjafar eða annað. Svör sálfræðinga ÞB á spurningalista varðandi skimunarferlið gáfu til kynna að flestum þætti skimunin mikilvægur hluti af þjónustu við börn. Almennt voru þó áhyggjur af því að ef þeir gæfu sér of mikinn tíma í skimun bitnaði það á bið eftir frekari greiningu og að vegna þess hve langur tími líður á milli skimana og greininga að ákveðin tvíverknaður verður á verkefnum og ekki næst samfella í vinnu með barnið. Tvíverknaðurinn felst í því að tala þarf við foreldra og kennara að nýju þegar greiningaferlið hefst og að sömu listar eru lagðir fyrir aftur við greiningu, auk annarra lista eftir þörfum. Einn sálfræðingur á ÞB tók síðastliðinn vetur upp á því að setja inn eftirfylgdarsímtal eða fund fast inn í allar skimanir (nema ekki sé talin þörf á). Sjá má merki um eftirfylgdarfundir eða símtöl hjá fleiri sálfræðingum af og til í skimunarmálum en fleiri létu í ljós þá skoðun að föst eftirfylgd myndi bæta skimunarferlið töluvert. Einnig kom fram í sumum skýrslum/dagálum að foreldrum var boðið að hafa samband ef vandinn tæki sig aftur upp. Vegna þess hve algengt það er þegar kemur að greiningu að foreldrar og skóli hafi ekki farið eftir ráðum sálfræðings (þrátt fyrir að vandinn væri enn til staðar) er eftirfylgd í kjölfar skimunarfundar gríðarlega mikilvæg viðbót við þjónustuna. Oft er hægt að laga upphafsvandræði í framkvæmd ráða með viðbótarráðgjöf, auk þess sem eftirfylgdarfundir eru líklegir til þess að veita kennara og foreldrum aðhald við að halda sig við ráð sálfræðingsins.

Mjög mikill munur var á inntaki skimunarskýrsla og voru sumar fullar af ráðgjöf og uppástungum um úrræði á meðan aðrar tóku einungis fram að skilafundur hefði farið fram (sjá viðauka 2). Þegar ráðgjöf í skýrslu er ítarleg og tekur skýrt fram hvað hver aðili á að gera og hvernig hann eigi að gera það er mun líklegra að hægt verið að nota ráðgjöfina. Skriflegar leiðbeiningar eru mikilvægar þar sem margt er rætt á skilafundum sem foreldrar og kennarar skrifa ekki niður og muna ekki endilega nema brot að fundi loknum. Auk þess gerir þetta sálfræðingi sem hugsanlega kemur seinna að málinu í greiningu tækifæri til þess að ganga á alla aðila og kanna hvort og hvaða ráðum var fylgt eftir, hverju það hafi skilað og aðlaga frekari ráðgjöf að því.

Aðrar athugasemdir sálfræðinga ÞB varðandi skimunarferlið voru að hugsanlega mætti taka inn skimunarlista fyrir einkenni á einhverfurófi / með slaka félagsfærni svo sem ASSQ (*Autistic Spectrum Screening Questionnaire*). Einnig var lagt til að setja mætti inn meira af stöðluðum upplýsingum í skimunarskýrslusnið svo sem hvar tiltekin úrræði úti í bæ eru, símanúmer, heimilisfang o.s.frv. Annar sálfræðingur talaði um skort á úrræðum fyrir foreldra af erlendu bergi brotnu.

Við yfirferð á öllum fáanlegum skimunarskýrslum ÞB frá upphafi verða eftirfarandi uppástungur lagðar fram til þess að bæta skimunarferlið:

1. Tiltekin ráðablöð, svo sem ADHD ráðablöð fái lýsandi titla sem aðgreina þau hvert frá öðru og þá er hægt að tilgreina á skimunarskýrslunni hvaða ráðabunki fylgdi með.
2. Skýrslusniðmát verði notað af öllum sálfræðingum ÞB.
3. Útbúin verði staðlaður ráðapakki fyrir algeng vandamál með heimilisföngum og símanúmerum.
4. Sálfræðingar temji sér að setja fastan eftirfylgdarfund 3-6 vikum eftir skimun. Áður en til eftirfylgdarfundar kemur hafi sálfræðingur hringt alla veganna einu sinni í kennara/foreldri 2-4 vikum eftir skimunarfund til þess að hámarka árangur skimunarráðgjafar áður en eftirfylgdarfundur er haldin.
5. Ákvörðun um að vísa áfram til frekari greiningar sé ekki tekin fyrir en eftir 2-3 eftirfylgdarviðtöl/símtöl og vísan í úrræði á vegum ÞB.
6. Sálfræðingar setji fast inn í skimunarskýrslur að foreldri og kennari geti haft samband við sálfræðing (geta netfangs t.d.) eftir skimun ef frekari aðstoðar er þörf (hugsanlega með tímamörk á því).

7. Tilgreina sem oftast hver á að gera hvað, og jafnvel nafngreina þá sem sinna hverjum hluta.
8. Byrja alltaf eftirfylgdarfund í kjölfar skimunar á að fara yfir hvern verkhluta og spyrja hvernig honum hafi verið fylgt eftir
9. Veita oftast 2-6 ráðgjafarviðtöl í kjölfar skimunar
10. Beita úthendum, ráðleggingum um bækur og námskeið markvisst, skoða úrræðabanka Elísu Guðnadóttur sálfræðings sem unnin var fyrir sálfræðinga ÞB, halda honum lifandi og bæta inn í hann eftir þörfum.
11. Sálfræðingar temji sér að halda nákvæmari skrá um vinnslu mála í dagál.

Heimildir

- Chorpita, B. F. og Southam-Gerow, M. A. (2006). Fears and Anxieties. Í E. J. Mash og R. A. Barkley (Ritstjórar), *Treatment of Childhood Disorders* (bls. 271-334). New York: The Guildford Press.
- Elliott, S. N., Huai, N. og Roach, A. T. (2006). Universal and early screening for educational difficulties: Current and future approaches. *Journal of School Psychology, 45*, 137-161.
- McMahon, R. J., Wells, K. C. og Kotler, J. S. (2006). Conduct Problems. Í E. J. Mash og R. A. Barkley (Ritstjórar), *Treatment of Childhood Disorders* (bls. 137-268). New York: The Guildford Press.
- Newsom, C. og Hovanitz, C. A. (2006). Autistic Spectrum Disorders. Í E. J. Mash og R. A. Barkley (Ritstjórar), *Treatment of Childhood Disorders* (bls. 455-510). New York: The Guildford Press.
- Shonkoff, J. P. og Hauser-Cram, P. (1987). Early Intervention for Disabled Infants and Their Families: A Quantitative Analysis. *Pediatrics, 80*, 650-658.
- Stark, K. D., Sander, J., Hauser, J., Simpson, J., Schnoebelen, S., Glenn, R. Og Molnar, J. (2006). Depressive Disorders during Childhood and Adolescence. Í E. J. Mash og R. A. Barkley (Ritstjórar), *Treatment of Childhood Disorders* (bls. 336-409). New York: The Guildford Press.

Viðauki 1

Nánri útlistun á ráða/úrræða flokkun:

1. Sértek ráð í skýrslu til foreldris / kennara
 - a. Ráð töldust sértek þegar þau voru útlistuð í nokkrum skrefum eða tiltóku samvinnu fleiri en eins aðila
 - b. Ráð töldust sértek þegar lausnir voru sniðar að þörfum tiltekins barns t.d. hvað varðar vinnutíma foreldra, áhuga barns, ástands í bekk hjá kennara o.s.frv. Dæmi um sértekt ráð er eftirfarandi:

Eftirfarandi ákveðið á fundinum:

1. Þroskaþjálfari verður beðinn að taka XXXX í félagsfærniþóp ásamt besta vini hans
2. Ræddar leiðir til að koma til móts við hann í skólanum og heima, s.s. stuttar vinnulotur, hafi "stressbolta" í töskunni til að kreista, sérstaka pullu í stólnum, fái að fara stuttar sendiferðir, sjónrænt skipulag ofl.
3. Sálfræðingur ÞB hefur samband við Hrefnu á Sjónarhóli með tilvísun til læknis í huga. Foreldrar samþykkir því að vísa til læknis
4. Tilvísun áfram á bið.
 - c. Dæmi um almenn ráð eða vinnslu sem ekki fengu stig er eftirfarandi:

Álit: Átta ára drengur sem sýnir veruleg merki um kvíða sem samkvæmt listum er meiri en jafnöldrum. Einkenni ADHD eru ekki til staðar.

Tillögur: Að mál barns verði sett á biðlista til frekari greiningar á vanda barnsins.

2. Ráðlagt að óska eftir sérkennsluráðgjafa eða nýbúaráðgjafa ÞB
 - a. Í flestum tilfellum var sérkennsluráðgjafi kallaður inn, einungis þrjú tilfelli voru þar sem nýbúaráðgjafi var nýttur.
 - b. Stundum var sérkennsluráðgjafi fyrir í máli og var hann þá jafnvel með á skilafundi.
3. Ráðlagt að óska eftir aðstoð félagsráðgjafa og/eða óska eftir úrræði á þeirra vegum
 - a. Foreldrum var bæði bent á að leita aðstoðar félagsráðgjafa vegna félagslegra örðugleika (sumir voru þegar hjá félagsráðgjafa).
 - b. Algengt að foreldrum var vísað á að sækja um úrræði á borð við ráðgjafan heim, stuðningin heim, unglingaráðgjafa o.fl.
4. Ráðlagt að skrá foreldra og/eða barn á námskeið á vegum ÞB
 - a. Uppeldisnámskeið og meðferð fyrir foreldra
 - b. Námskeið fyrir börn með kvíða og þunglyndiseinkenni, reiði, kvíða, adhd o.fl.
5. Bent á samtök sem veita sérhópum aðstoð og/eða bent á netsíður

- a. Algengt að bent væri á Sjónarhól, ADHD samtökin, Tourette samtökin og heimasíður þeirra. Heimasíður með námstengdu efni s.s. nams.is var líka nefnd.
6. Úthendi með ráðum/bent á sjálfshjálparbók
- a. Úthendi um kennslu barna með ADHD, reiðistjórnum, leiðir til að hrósa o.s.frv.
 - b. Bent á bækur um algeng vandamál barna s.s. *tígurinn taminn, hvað get ég gert við of miklar áhyggjur, bættu hugsun betri líðan* o.s.frv.
7. Ráðlagt að leita þjónustu sem veitt er utan ÞB
- a. Til dæmis mat lækna á vanda eða lyfjagjöf
 - b. Sjálfstætt starfandi sálfræðinga
 - c. Unglingasmiðja
 - d. Sálfræðingur Heilsugæslunnar í Efra Breiðholti
 - e. Foreldrahús
 - f. Fjölskyldumiðstöðin
 - g. Listmeðferð
 - h. O.fl.
8. Óskað eftir aðkomu sérkennsluráðgjafa í skóla, óskað eftir eða ráð til námsráðgjafa og/eða þroskaþjálfara skóla til þess að vinna nánar með barnið
- a. Hér var t.d. óskað eftir sérkennslu í skóla, fyrirlögn lesblinduprófa og/eða Talnalykils
 - b. Aðkoma námsráðgjafa og/eða þroskaþjálfara inn í bekk eða með einkatímum fyrir barn og jafnvel boðin handleiðsla sálfræðings ÞB.
9. Ráðgjafarviðtöl eða skammtímameðferð sem sálfræðingur ÞB bauð foreldrum og/eða barni.
- a. Gat verið allt frá einu viðtali í kjölfar skimunar við foreldri eða barn yfir í skammtímameðferð fyrir barn eða fleiri skipti í uppeldisráðgjöf fyrir foreldra. Áberandi að vantaði oft dagál um hvort þjónustan var þegin eða ekki.
10. Eftirfylgdarfundir og/eða símtöl
11. Hækkaður forgangur í greiningu
12. Annað
- a. Til dæmis tilfelli þar sem stofnað var einstaklingsteymi utan um barn.
 - b. Önnur ráðgjöf sem átti hvergi heima.

Viðauki 2

Dæmi um niðurstöður skimunarskýrslna:

„Mælt er með atferlismótandi aðferðum heima og í skóla. Skoða þarf vel hegðun miðað við aðstæður, m.a. hvaða aðstæður eru honum erfiðari en aðrar, og bregðast við til að hámarka líkur á æskilegri hegðun. XXX þarf skýr fyrirmæli, skýrar og fáar reglur, mikla hvatningu. Hvatningakerfi er hægt að nýta þar sem það á við. Afleiðingar neikvæðrar hegðunar þurfa að vera skýrar og sanngjarnar. Almenn skal hafa í huga ráð sem nýtast vel með börnum með ADHD. Athuga þarf að námsefni sé við hæfi. Brýnt er ða samvinna foreldra sé markviss og góð þar sem unnið er eftir afmörkuðum og raunhæfum markmiðum.”

Álit og tillögur:

Mikilvægt er að fyrirbyggja hegðunarvanda með því að undirbúa drenginn undir krefjandi verkefni. Að sögn móður og kennara koma fram nokkur merki um hvatvísi og hreyfiofþvirkni og þykir ástæða til að vísa í frekari greiningu.

Þáttur skóla: Veita áframhaldandi stuðning í námi og fylgjast náið með námsframvindu vegna tilhneigingar til námsvanda.

Þáttur foreldra: Veita áframhaldandi stuðning heima og auka áherslu á daglegan lestur.

Þáttur þjónustumiðstöðvar: Setja á bið eftir nánari greiningu og sækja um á skapstillinganámskeið sem áætlað er að halda í lok janúar í Ölduselsskóla. Móður var boðið viðtal við undirritaða vegna afmarkaðs hegðunarvanda sem kemur eingöngu fram heima.

„Álit og tillögur

XXX er 7 ára gamall drengur sem vísað er vegna gruns um einbeitingarskort/ofþvirkni, hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika. Foreldrar og umsjónarkennari eru sammála um að vandi XXX hafi töluverð truflandi áhrif á daglegt líf hans, sérstaklega samskipti við aðra og nám. Einkennum athyglisbrests og ofþvirkni er lýst, þrjúsku og viðkvæmni.

- Brýnt er að halda vel utan um XXX í góðu samstarfi heimilis og skóla.
- XXX þarf skýran ramma, skýrar og fáar reglur, viðurkenningu fyrir framfarir og æskilega hegðun og skýr mörk við óviðeigandi hegðun. Meðfylgjandi eru ráð vegna nemenda með ADHD sem gætu nýst XXX vel. Ennfremur má finna ráð í bókinni Tígurinn taminn og á www.adhd.is.
- Sérstaklega þarf að huga félagsfærni XXX, að kenna honum góðar leiðir til að nálgast jafnaldra og góð samskipti, Fylgjast þarf vel með félagsfærni hans og hvetja hann áfram.
- Ræddar voru aðferðir til að auka áhuga hans á að teikna og lita. Foreldrar stungu upp á því að teikna meira með honum en hann hefur gaman að því.
- Foreldrum var boðið að sækja um PMT meðferð eða námskeið fyrir foreldra og þáðu þeir það.
- Tilvísun verður áfram á bið eftir nánari greiningu á einkennum ADHD.”

Tillögur: Kanna hvort skyndileg breyting á hegðun ÁÓS geti verið vegna neikvæðrar athygli, getuleysi eða að eitthvað hafi komið fyrir hann. Greindarpróf skýrir betur forsendur mögulegra sérþækra námserfiðleika og hvort mælt sé með tilvísun á barnalækni.

Tillögur: Ætla má að fyrsta verk er að finna skýringar og lausn á samskiptum mæðgnana, hverjar skýringar Á hefur á stöðu sinni og kanna vilja hennar til að leysa eigin vanda. Ekki er ólíklegt að Á hafi eytt mikilli orku í slást við tilvistarvanda sinn í gegnum árin án sýnilegrar aðstoðar eða árangurs. Spurning er hvort hægt sé að snúa þessari þróun við t.d. með aðstoð unglingaráðgjafa. Á þarf aðstoð við að snúa þessu ferli við með þátttöku foreldra en hún sjálf er í aðalhlutverki. Ef þessi vinna ber ekki tilætlaðan og eðlilega árangur mætti mæla með greindarfarsgreiningu til að fínkemma forsendur þar.

„**Álit:** XXX á í miklum erfiðleikum með nám og er námsstaða hennar slök. XXX er þrúð stúlka sem lyndir vel við aðra.

Tillögur: Mælt er með sameiginlegum fundi foreldra, kennara og fulltrúa frá Þjónustumiðstöð Breiðholts þar sem mögulegur stuðningur í skóla og heima við verður skoðaður nánar. Tilvísun verður áfram á biðlista á Þ.B. til frekari greiningar, þ.e. þroskamati. Óskað verður eftir því að sérkennsluráðgjafi komi að málinu strax.”

„**Álit og tillögur:** Samræmi er í svörum kennara og móður á matslistum og gefa niðurstöður til kynna að XXX sýni erfiða hegðun heima og í skólanum, sterk einkenni athyglisbrests og merki um ofvirkni/hvatvísi heima og í skólanum. Einnig eru merki um erfiðleika í samskiptum í skólanum og að félagshæfni XXX sé slök. Mælt er með að XXX fari á biðlista eftir greiningu/endurmati á þroska og hegðun. Móður bent á ADHD samtökin og námskeið á vegum þess og bent á að fara á námskeiðið SOS! Hjálp fyrir foreldra. Kennara og móður veittar ráðleggingar um hvernig hægt er að minnka áhrif athyglisbrests í skólanum og heima og takast á við truflandi hegðun í kennslustund. Möguleikar á félagsfærniþjálfun í skólanum ræddir.”

„**Álit og tillögur:**

XXX var vísað í endurmat á þroska að beiðni XXX barnageðlæknis. Niðurstöður skimunar sýna sterk einkenni ofvirkni/hvatvísi heima og í skólanum og sterk einkenni athyglisbrests heima en vægari einkenni í skólanum. Hann kemur með dót með sér og bregst ill við ef það er tekið frá honum. XXX er kvíðinn fyrir prófum og stríðni sem hann verður fyrst og fremst fyrir í frímínútum. Fyrri athuganir sýna greind á tornæmisstigi. XXX á við mikla námserfiðleika að stríða sem virðast stafa af slökum vitsmunapróska og ADHD einkennum.

Þáttur skóla: Halda áfram með sérkennslu og aðlaga námsefni að þörfum XXX. Minnka kröfur um próf og leyfa XXX að taka þau í minni hóp. XXX biður XXX námsráðgjafa um að taka á stríðni ásamt XXX aðstoðarskólastjóra. XXX sendir jákvæð skilaboð heim þegar XXX stendur sig vel. Biðlisti eftir heimanámsaðstoð næsta vetur.

Þáttur foreldra: Setja mörk varðandi dót. Hafa skýran ramma og reglur um daglegar athafnir eins og matartíma og svefntíma. Gefi skýr fyrirmæli og fylgi þeim eftir. Halda áfram að hrósa og hvetja XXX áfram. Kynna sér ADHD samtökin og www.adhd.is og fara á COPE

uppeldisnámskeið á vegum samtakanna (Úthendi: Skýr fyriræli, skýrar reglur, hrós, umbunarkerfi, bæklingur um ADHD og gott samstarf við skóla).

Þáttur þjónustumiðstöðvar: Bið eftir endurmati á þroska (tilvísun skráð á biðlista frá hausti). Ráðgjöf til foreldra og kennara á skimunarfundi. Foreldrum boðin uppeldisráðgjöf eða félagsráðgjöf og sagt að hafa samband ef áhugi eða þörf er á slíkri þjónustu.”

Tillögur: Mælt er með frekari greiningu á A með greindarprófi grunnskólabarna til að kanna forsendur til náms eins og t.d. athyglisbrest en einnig að meta félagshæfni með ASSQ og CAST listum sem meta einkenni á einhverfurófi til öryggis. Mælt er með mati skólahjúkrunarfræðings á sjón og heyrn en einnig sambandsleysi. Mælt er með að foreldrar styrki leik og gleði A og letji ábyrgðartöku umfram það eðlilega. Mögulega getur kennari sinnt A við að koma honum í gang með verkefni fyrir utan að tryggja sem best að A nái hóp fyrirælum.

„**Þáttur skóla:** Að kennarar noti aðferðir sem gagnast hafa nemendum með athyglisbrest og ofvirkni/hvatvísi. Að kennari haldi áfram að umbuna XXX fyrir góða hegðun í kennslustofu, hvetji hann áfram og láti móður vita ef hann heyrir orðróm um ljótt orðbragð.

Þáttur foreldra: Kynna sér og vinna með XXX út frá bókinni Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur? Skrá XXX á sjálfstyrkingarnámskeið t.d. á vegum Foreldrahúss (móðir afhent auglýsing þess efnis). Gefa XXX skýr fyriræli, fylgja þeim eftir og veita honum mikla athygli fyrir æskilega hegðun. Samvinna við skóla varðandi umbunarkerfi. Kynna sér www.adhd.is.

Þáttur þjónustumiðstöðvar: Biðlisti eftir þroskamati og nánari athugun á hegðun og líðan. Biðlisti eftir HAM námskeiði á ÞB næsta haust. Almenn ráðgjöf til móður og kennara á skimunarfundi. Eftirfylgdarsímtal til foreldra og kennara 3 vikum eftir skimunarfund.”

„Álit og tillögur:

Mælt er með áframhaldandi eftirliti með félagslegum samskiptum í skóla Sérstaklega þarf að varast að XXX einangrist ekki. Gæta þarf að kvíðaeinkennum og grípa snemma til aðgerða ef upp koma auknir erfiðleikar. Mælt er með reglulegum viðtölum við námsráðgjafa og skammtíameðferð hjá undirritaðri. Einnig er mælt með því að foreldrar kynni sér viðeigandi námskeið sem geta ýtt undir félagsfærni og sjálfsmynd s.s. sjálfsstyrkingarnámskeið í Foreldrahúsi (www.vimulus.is) og hvetji XXX til að halda áfram félagsstarfi sem hún er nú þegar í.

Þáttur skóla:

Að fylgjast vel með aðlögun XXX og ýta undir æskilega félagshegðun. Regluleg viðtöl hjá námsráðgjafa

Þáttur foreldra:

Kynna sér námskeið sem standa til boða og leita sér frekari aðstoðar ef erfiðleikar fara vaxandi.

Þáttur þjónustumiðstöðvar:

Skammtíameðferð hjá sálfræðingi (4-6 skipti).”

„Álit og tillögur:

XXX er XX ára drengur sem vísað var í sálfræðilega athugun vegna einbeitingarerfiðleika. Matslistar sýna töluverð einkenni athyglisbrests, ekki þó nægjanleg til að uppfylla greiningarskilmerki. Mikilvægt er að finna leiðir til að XXX vinni í tímum og til að draga úr áhrifum einbeitingarskorts. Mælt er með að unnið sér samkvæmt leiðum sem þekkt er að skila árangri í vinnu með börnum með athyglisbrest. Ráð afhent skóla á fundinum. Einnig er nauðsynlegt að skoða hve mikið heimanám kennari sendir heim. Foreldrar ætla að panta tíma hjá námsráðgjafa. Mælt er með áframhaldandi samvinnu foreldra og skóla með reglulegum fundum. Foreldru bent á heimasíðu ADHD samtakanna, adhd.is, þar sem ýmsan fróðleik er að finna.

Þáttur skóla: Kennari skoði hve mikla heimavinnu XXX fer með heim. Einnig hvort hægt sé að taka upp hvatningarkerfi til að auka vinnuhegðun í tímum. Mælt er með að kennari hagnýti ráð af úthendi. Mælt er með að kennslustjóri eða námsráðgjafi fundi með XXX þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir og fari yfir stöðu hans og hvað hann getur gert til að bera ábyrgð á sínu námi. Mælt er með áframhaldandi samvinnu heimilis og skóla.

Þáttur foreldra: Foreldrar panti tíma hjá XXX námsráðgjafa sem leiðbeinir varðandi námstækni. Foreldrum bent á að kynna sér heimasíðu ADHD samtakanna. Mælt er með áframhaldandi samvinnu heimilis og skóla.

Þáttur þjónustumiðstöðvar: Eftirfylgdarfundur ákveðin DD.MM.ÁÁÁÁ með foreldrum og umsjónarkennara. Þar verður metið hver staðan er á drengnum. Sé líðan og hegðun að mestu óbreytt er ekki talin ástæða til að gera frekari greiningu á þroska hans.”